

Þriðjudaginn 11. mars 1986.

Nr. 226/1985,

241/1985

og 253/1985: **Ákærvaldið**

(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)

gegn

Hallbirni Einari Guðjónssyni

(Gunnlaugur Þórðarson hrl.)

Skjalafals. Þjófnaður. Bifreiðar. Brot gegn umferðarlögum.

Ítrekun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þessi dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Bjarni K. Bjarnason, Guðmundur Skaftason, Magnús Thoroddsen og Sigurgeir Jónsson.

Málin voru flutt sameiginlega fyrir Hæstarétti hinn 3. mars 1986 þannig að refsing ákærða gæti orðið ákveðin í einu lagi vegna allra brotanna. Jafnframt var því lýst yfir af hálfu ákærvalds og ákærða, að skaðabótaákvæði dóms í málinu nr. 226/1985 væru ekki til endurskoðunar.

Héraðsdómum var öllum skotið til Hæstaréttar að ósk ákærða, en jafnframt krafðist ákærvaldið þess að refsing ákærða yrði þyngd.

Ágrip málanna bárust Hæstarétti 5. desember og 18. desember 1985.

Fyrir Hæstarétt hefur verið lagt nýtt sakavottorð, en samkvæmt því hefur ákærði hlotið 7 mánaða fangelsi með dómi sakadóms Reykjavíkur 23. janúar 1986 (hegningarauki) en þeim dómi er ekki áfrýjað.

I.

Dómur sakadóms Reykjavíkur frá 27. ágúst 1985. Hæstaréttarmál nr. 226/1985. Áfrýjað með stefnu 4. október 1985.

Brotum ákærða er rétt lýst í héraðsdómi. Ber að staðfesta sakarmat héraðsdómara og heimfærslu til refsíákvæða.

II.

Dómur sakadóms Reykjavíkur frá 24. september 1985. Hæstaréttarmál nr. 241/1985. Áfrýjað með stefnu 17. október 1985 að því er ákærða einan varðar.

Í ákæru er ákærði borinn þeim sökum að hafa ásamt meðákærðu G „brotist inn í verslunina Fatafólk, Laugavegi 53 í Reykjavík í félagi við X ... og Y ... og stolið þar útvarpi, segulbandi og magnara, gleraugum og talsverðu magni af tiskufatnaði ...“, en í dómi er hann sakfelldur fyrir að „hafa farið inn í ofangreinda verslun og stolið hljómflutningstækjum.“ Verður að líta svo á að með dóminum sé ákærði sýknaður af ákæru um innbrot í félagi með stúlkum þessum og þjófnaði á öðrum þeim verðmætum sem tilgreind eru í ákæru en hljómflutningstækjunum, þ.e. útvarpi, segulbandi og magnara. Var því lýst yfir við flutning málsins að af ákæruvaldsins hálfu væri unað við þessa niðurstöðu héraðsdómara.

Með þessari athugasemd er staðfest sakarmat héraðsdómara og heimfærsla til refsíákvæðis.

III.

Dómur sakadóms Reykjavíkur frá 15. október 1985. Hæstaréttarmál nr. 253/1985. Áfrýjað með stefnu 30. október 1985.

Brotum ákærða er rétt lýst í héraðsdómi og ber að staðfesta sakarmat héraðsdómara um þau. Með þeim hefur ákærði unnið til refsingar samkvæmt 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr. og 1. mgr. 27. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, svo og til sviptingar réttar til þess að öðlast ökuréttindi ævilangt frá uppkvaðningu dóms þessa að telja, sbr. 81. gr. sömu laga.

IV.

Svo sem í héraðsdómum greinir var ákærði hinn 4. mars 1985 dæmdur í sakadómi Reykjavíkur í 3 mánaða fangelsi fyrir skjalfals, þjófnað og fjársvik, og hinn 13. júní sama ár í sama sakadómi dæmdur í 3 mánaða fangelsi sem hegningarauka við fyrrgreindan dóm, fyrir þjófnað.

Brot þau, sem ákærði er ákærður fyrir í málum þeim sem hér eru dæmd, eru framin hinn 31. október 1984, 14. nóvember 1984

og 2. mars 1985. Ber að ákveða ákærða refsingu fyrir þau í einu lagi samkvæmt 77. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og með hliðsjón af ákvæðum 78. gr. sömu laga sem hegningarauka við fangelsisdómanna frá 4. mars og 13. júní 1985.

Með hliðsjón af 72. gr. og 255. gr., sbr. 71. gr. almennra hegningarlaga þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin 8 mánaða fangelsi.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdómanna um sakarkostnað að því er ákærða varðar.

Dæma ber ákærða til þess að greiða allan áfrýjunarkostnað, þar með talin sakasóknarlaun í ríkissjóð, 20.000,00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, 20.000,00 krónur.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Hallbjörn Einar Guðjónsson, sæti fangelsi 8 mánuði.

Ákvæði héraðsdóms um að ákærði skuli ævilangt vera sviptur rétti til þess að öðlast ökuréttindi og ákvæði héraðsdómanna um sakarkostnað eiga að vera óröskuð.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað, þar með talin sakasóknarlaun í ríkissjóð, 20.000,00 krónur, og málsvarnaralaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Gunnlaugs Þórðarsonar hæstaréttarlögmanns, 20.000,00 krónur.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 27. ágúst 1985.

Ár 1985, þriðjudaginn 27. ágúst, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Sverri Einarssyni sakadómará, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 476/1985: Ákærvaldið gegn Hallbirni Einari Guðjónssyni, sem tekið er til dóms samdægurs.

Málið er höfðað fyrir dóminum með ákæruskjali ríkissaksóknara dagsettu 11. júní sl. á hendur ákærða, Hallbirni Einari Guðjónssyni, Kleppsvegi 66 í Reykjavík, fæddum 19. nóvember 1956 þar í borg.

Í ákærinni segir að málið sé höfðað á hendur ákærða, „fyrir að hafa, miðvikudaginn 31. október 1984, stolið tékkhefti frá Útvegsbanka Íslands á Siglufirði, greiðslukorti og skjölum úr jakkavasa í skrifstofuherbergi í Hafnarhvoli við Tryggvagötu í Reykjavík og að hafa, sama dag, falsað og

notað í lögskiptum tvo tékka úr heftinu með nafni Sigurðar Finnssonar, eins og rakið er:

Nr. 0185803, kr. 10.000, reikn. nr. 5814, stílaðan á „Hafnarfjörður Pósthús“ greiðsla fyrir símapóstávisun í póststofunni, Laugavegi 120, Reykjavík.

Nr. 0185805, kr. 3.000, reikn. nr. 2859, stílaðan á handhafa, greiðsla fyrir veitingar í veitingastofunni Ölveri, Glæsibæ við Alfheima í Reykjavík.

Ennfremur fyrir að hafa þennan dag útfyllt símapóstávisun, að fjárhæð kr. 10.000, þá sem nefnd er hér að ofan og falsað á hana nafn Sigurðar Finnssonar sem sendanda.

Telst þetta varða við 1. mgr. 155. gr. og 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til greiðslu skaðabóta og alls sakarkostnaðar.“

Málavextir eru þessir samkvæmt eigin framburði ákærða Hallbjörns Einars Guðjónssonar og öðru því sem fram er komið í máli þessu:

Miðvikudaginn 31. október sl. um hádegisbilið kom ákærði inn á skrifstofur á 3. hæð í Hafnarhvoli við Tryggvagötu í Reykjavík, en þar hafði Sigurður Finnsson, Hafnartúni 4 á Siglufirði, dveljandi að Hjallavegi 27 í Reykjavík, hengt jakka sinn á stólbak um morguninn. Ákærði kveðst hafa stolið úr jakkanum tékkhefti á reikning við Útvegsbanka Íslands á Siglufirði með töluverðu af eyðublöðum, greiðslukorti og einhverjum skjölum. Uppgötvaði Sigurður hvarf hlutanna um klukkan 12.30.

Eftir að ákærði hafði komist yfir tékkheftið falsaði hann og notaði í viðskiptum þá tvo tékka sem um ræðir í ákæru málsins og þar er um alla gerð og notkun rétt lýst.

Áður en Póststofan að Laugavegi 120 símsendi símapóstávisunina sem fyrri tékkinn var greiddur með, sömu fjárhæðar og hann, var haft samband við bankann, og kom þá í ljós að tékkinn var úr stolnu tékkhefti og falsaður. Varð því eigi af sendingunni og ekkert tjón af þessari fölsun ákærða, en ákærði ætlaði að senda ávisunina á pósthúsið í Hafnarfirði á sitt eigið nafn og svíkja þannig út fé.

Þegar ákærði notaði síðari tékkann fékk hann einhvern mismun á andvirði veitinganna og fjárhæð tékkans til baka í peningum. Áður en ákærði notaði þennan tékka fékk hann einhvern nærstaddan til þess að framselja fyrir sig tékkann þar sem hann hafði ekki persónuskilríki með því nafni er hann notaði sem útgefanda á tékkanum.

Ákærði ritaði í póststofunni að Laugavegi 120, jafnframt áðurgreindum tékka sem þar var notaður, símapóstávisun þá er hann notaði tékkann til að greiða með og falsaði þá á hana sem nafn sendanda nafnið Sigurður Finnsson.

Framangreind háttsemi ákærða er sönnuð með játningum hans sjálfs, sem eru í samræmi við annað, sem fram er komið í málinu. Eru hinar þrjár falsanir ákærða brot á 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga, en þjófnaðurinn brot á 244. gr. sömu laga.

Eigandi jakkans fékk tékkheftið til baka án eyðublaðanna tveggja sem ákærði notaði og greiðslukortið.

Samkvæmf sakavottorði ákærða hefur hann sætt kærnum og refsingum, svo og reynslulausnum, sem hér segir:

— — —

[Sakavottorð tilgreinir 17 refsidóma er gengið hafa á árabílinu 1973-1985, hinir síðustu 4. mars 1985 (3 mánaða fangelsi fyrir skjalafals, þjófnað og svik) og 13. júní 1985 (3 mánaða fangelsi fyrir þjófnað.)]

Refsing ákærða verður ákveðin með hliðsjón af 77. gr. og 78. gr. almennra hegningarlaga og sakaferli ákærða. Þykir hún hæfilega ákveðin fangelsi 3 mánuði.

Veitingahúsið Ölver, Glæsibæ, Álfheimum 74 í Reykjavík, hefur gert kröfu til þess, að ákærði verði dæmdur til endurgreiðslu tékkans, sem þar var notaður, ásamt dómvöxtum frá 31. október sl. til greiðsludags. Hefur ákærði samþykkt þessa kröfu sem er réttmæt og verður tekin til greina og ákærði dæmdur til þess að greiða hana.

Loks ber að dæma ákærða samkvæmt 1. mgr. 141. gr. laga nr. 74, 1974 um meðferð opinberra mála til þess að greiða allan sakarkostnað.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Hallbjörn Einar Guðjónsson, sæti fangelsi 3 mánuði.

Ákærði greiði Veitingahúsinu Ölveri, Glæsibæ, Álfheimum 74 í Reykjavík, 3.000 krónur í bætur ásamt dómvöxtum frá 31. október 1984 til greiðsludags.

Ákærði greiði allan sakarkostnað.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 24. september 1985.

Ár 1985, þriðjudaginn 24. september, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem haldið er í Borgartúni 7 af Péttri Guðgeirssyni sakadómar, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 518-519/1985: Ákærvaldið gegn G og Hallbirni Einari Guðjónssyni.

Málið er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 6. þessa mánaðar, á hendur G ... og Hallbirni Einari Guðjónssyni, Kleppsvegi 66, fæddum 19. nóvember 1956 í Reykjavík, báðum til heimilis í Reykjavík,

„fyrir þjófnað með því að hafa aðfaranótt miðvikudagsins 14. nóvember 1984 brotist inn í verslunina Fatafólk, Laugavegi 53, Reykjavík, í félagi við X og Y og stolið þar útvarpi, segulbandi og magnara, gleraugum og talsverðu magni af tiskufatnaði svo sem:

2 mussum, blússu, 5 pörum af sokkum, 6 peysum, 4 vestum, 3 beltum, 6 hanskapörum, jakka, tvennum eyrnalokkum, jakka, 2 gallapilsur, leðurpíls og þrennum buxum.

Telst þetta varða við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

Þess er krafist, að ákærðu verði dæmd til refsingar og til greiðslu sakarkostnaðar.“

I. Málavextir.

Ákærða G hefur játað að hafa í félagi við tvær stúlkur, þær X og Y, sem báðar eru fæddar árið 1967, brotist inn í verslunina Fatafólk, Laugavegi 53 í Reykjavík og stolið þar tiskufatnaði, sem greint er í ákæru málsins.

Ákærða hefur með þessu atferli unnið til refsingar samkvæmt 244. gr. almennra hegningarlaga.

Ákærði Hallbjörn hefur játað að hafa farið inn í ofangreinda verslun og stolið hljómflytningstækjum.

Ákærði hefur með þessu athæfi sínu unnið til refsingar samkvæmt 244. gr. almennra hegningarlaga.

II. Viðurlög.

Samkvæmt sakavottorði ákærðu G hefur hún tvisvar sinnum gengist undir dómsátt á þessu ári fyrir ölvun við akstur.

Refsing hennar þykir hæfilega ákveðin fangelsi í 3 mánuði en fullnustu refsingarinnar skal fresta og fellur hún niður að liðnum 3 árum frá dómsuppkvaðningu, haldi ákærða almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga.

Samkvæmt sakavottorði og dómsendurrítum, sem liggja frammi í málinu, hefur ákærði til þessa verið dæmdur átján sinnum fyrir þjófnaði, nytjatökur, fjársvik, skjalafals og ölvunarakstur. Frá því að hann framdi brot það, sem nú er ákært út af, hefur hann hlotið þrjá fangelsisdóma fyrir þjófnaði, fjársvik og skjalafals, þar sem hann hefur verið dæmdur samtals í 9 mánaða fangelsi.

Refsingu ákærða ber að ákvarða samkvæmt 72., 78. og 255. gr. almennra hegningarlaga og telst hún hæfilega ákveðin fangelsi í 3 mánuði.

Þá ber að dæma ákærðu til þess að greiða allan sakarkostnað málsins in solidum.

D ó m s o r ð:

Ákærða G sæti fangelsi í 3 mánuði. Fullnustu refsingar hennar skal þó fresta og fellur refsingin niður að liðnum 3 árum frá dómssuppkvaðningu, haldi ákærða almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga.

Ákærði, Hallbjörn Einar Guðjónsson, sæti fangelsi í 3 mánuði. Ákærðu greiði in solidum allan sakarkostnað málsins.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 15. október 1985.

Ár 1985, þriðjudaginn 15. október er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem haldið er í Borgartúni 7 af Péttri Guðgeirssyni sakadómar, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 558/1985: Ákærvaldið gegn Hallbirni Einari Guðjónssyni, en málið var dómtekið sama dag.

Málið er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 7. október 1985, á hendur Hallbirni Einari Guðjónssyni, nú refsifanga á Litla-Hrauni, til lögheimilis að Kleppsvegi 66 í Reykjavík, fæddum 19. nóvember 1956 í Reykjavík, „fyrir að aka, laugardagskvöldið 2. mars 1985, undir áhrifum áfengis og sviptur ævilangt rétti tíu að öðlast ökuleyfi, bifreiðinni R-23154 um götur í Seljahverfi í Reykjavík, en lögreglumenn stöðvuðu akstur hans á mótum Seljaskóga og Seljabrautar.

Telst þetta varða við 2. mgr. sbr. 4. mgr. 25. gr. og 1. mgr. 27. gr. sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40, 1968 sbr. lög nr. 54, 1976.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til sviptingar réttar til að öðlast ökuleyfi samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar.“

Málavextir.

Ákærði hefur játað að hafa ekið bifreiðinni R-23154 um götur í Reykjavík, þar til lögreglan stöðvaði akstur hans á Seljaskógum við Seljabraut, og að hafa verið undir áhrifum áfengis við aksturinn.

Ákærði var sviptur rétti ævilangt til þess að öðlast ökuréttindi með dómi sakadóms Reykjavíkur hinn 27. desember 1983.

Samkvæmt vottorði Rannsóknastofu Háskólans í lyfjafræði mældist alkóhól nema 1,92‰ í blóðsýni því sem tekið var úr ákærða.

Ákærði hefur með þessu unnið sér til refsingar samkvæmt 2. mgr. 25. gr. og 1. mgr. 27. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga.

Viðurlög.

Samkvæmt sakavottorði ákærða hefur hann sætt refsingum, sem hér segir:

— — —

[Sjá bls. 503.]

Að auki var ákærði dæmdur til 3 mánaða fangelsisvistar 24. fyrra mánaðar í sakadómi Reykjavíkur fyrir þjófnað og var sá dómur hegningarauki.

Refsingu ákærða ber að ákveða samkvæmt 71., 72. og 78. gr. almennra hegningarlaga og telst hún hæfilega ákveðin fangelsi í 30 daga.

Þá ber samkvæmt 81. gr. umferðarlaga að svipta ákærða ævilangt rétti til þess að öðlast ökuréttindi.

Ákærða ber og að dæma til greiðslu alls sakarkostnaðar.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Hallbjörn Einar Guðjónsson, sæti fangelsi í 30 daga.

Ákærði er ævilangt sviptur rétti til þess að öðlast ökuréttindi frá birtingu dóms þessa.

Ákærði greiði allan sakarkostnað í málinu.

Þriðjudaginn 11. mars 1986.

Nr. 88/1986. **Ákærvaldið**

gegn

Sumarliða Óskari Arnórssyni

Kærumál. Gæsluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Guðmundur Jónsson og Halldór Þorbjörnsson.

Með kæru 4. þ.m., er barst Hæstarétti 6. þ.m., hefur varnaraðili kært til Hæstaréttar úrskurð sakadóms Reykjavíkur uppkveðinn 4. þ.m. en með honum synjaði dómurinn kröfu varnaraðila um að hann yrði leystur úr gæsluvarðhaldi er hann sætir samkvæmt úrskurði dómsins 20. f.m. Krefst varnaraðili þess að úrskurðurinn verði felldur úr gildi og varnaraðili leystur úr gæsluvarðhaldi. Í greinargerð réttargæslumanns varnaraðila, Haralds Blöndals hæstaréttarlögmans, er þess einnig krafist að málatilbúnaður af hálfu